Tillögur frá Smábátafélaginu Ströndum til 30. aðalfundar LS 2014

1. Aðalfundur Stranda lýsir yfir miklum áhyggjum vegna 20% niðurskurðar á veiðiheimildum í ýsu. Með ákvörðuninni er komið í veg fyrir línuveiðar frá Hólmavík og Drangsnesi vegna mikillar ýsugengdar í Húnaflóa. Við blasir atvinnuleysi tuga starfsmanna á sjó og landi, sjómanna, landverkafólks og þjónustuaðila.
   Aðalfundur Stranda skorar þingmenn kjördæmisins að bregðast strax við. Strandir benda á eftirtaldar leiðir:
   - að breyta nú þegar lögum um stjórn fiskveiða þannig að allar takmarkanir á framsali á ýsu verði afnumdar
   - auka línuívilnun í ýsu
   - að ýsuafli línubáta framtil áramóta verði reiknaður sem þorskígildi.
   - taka upp ívilnun á ýsu sem veidd er á grunnslóð þannig að þriðjungur þess sem veiðist þar verði utan kvóta

2. Aðalfundur Stranda leggur til að veiðidagar til grásleppuveiða verði að lágmarki 40. Heimilað verði að sameina grásleppuleyfi sem fjölgi dögum hlutfallslega um 50%.

3. Aðalfundur Stranda hvetur til að strandveiðar verði 4 samfellda mánuði á tímabilinu apríl - september. Heimilt verði að veiða 4 daga í hverri viku, mánudag - fimmtudag.

4. Aðalfundur Stranda fagnar þeirri aukningu sem verið hefur í makrílveiðum smábáta.
   Félagið hvetur stjórnvöld að gefa makrílveiðar smábáta frjálsar frá 1. júlí til 31. desember.

5. Aðalfundur Stranda ályktar að byggðakvóta verði breytt þannig að hann verði nýttur af dagróðrabátum og komi sem ívilnun við löndun.

Smábátafélagið Strandir

Samþykkt á aðalfundi 21. september 2014

Haraldur Ingólfsson formaður